

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 183/2013

2013/EES/56/41

frá 4. mars 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reiknings-skilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 1 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra
reikningsskilastaðla (1), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 1126/2008⁽²⁾ voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og
túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hinn 13. mars 2012 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið
(e. IASB) út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli,
IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*
- ríkislán, (hér á eftir nefndar „breytingar á IFRS-
staðli 1“). Breytingarnar á IFRS-staðli 1 lúta að lánunum
sem hafa fengist frá hinu opinbera, sem bera lægri vexti
en markaðsvexti og sem hafa það að markmiði að veita
notendum, sem beita IFRS-stöðlunum í fyrsta sinn lausn
frá fullri afturvirkri beitingu við skiptin yfir í IFRS-
staðla. Breytingarnar á IFRS-staðli 1 hafa í för með sér
undantekningu á afturvirkri beitingu IFRS-staðla að
krefjast þess að þeir sem beita stöðlunum í fyrsta sinn
noti kröfurnar sem settar voru fram í IAS-staðli 39,
fjármálagerningar: færsla og mat og IAS-staðli 20,
færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera
aðstoð framvegis um ríkislán sem fyrir hendi voru á þeim
degi, sem skipt var yfir í IFRS-staðla.
- 3) Með þessari reglugerð eru breytingarnar á IFRS-staðli 1
samþykktar. Þessi staðall inniheldur einhverjar tilvísanir í
IFRS-staðal 9, sem er ekki hægt að beita nú þar sem IFRS-
staðal 9 hefur ekki enn verið samþykktur af Sambandinu.
Því ber að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9 eins og

mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð sem
tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og*
mat.

- 4) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku
ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er
það staðfest að breytingarnar á IFRS-staðli 1 uppfylli
tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í
2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til
samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit stýrinedarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er IFRS-
staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, breytt
eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir
um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í
IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á, sem vísað er til í 1. mgr.
1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta
fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2013 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í
Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 61, 5.3.2013, bls. 6. Hennar var getið í
ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2013 frá 4. október 2013
um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður
birtingar.

(1) Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRS-staðall 1	IFRS-staðall 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla - <i>rikslán</i>
----------------	--

Breytingar á IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla**Ríkislán**

Liðunum 39N og 39O er bætt við og B1 er breytt.

39N Með *Ríkislán* (breytingar á IFRS-staðli 1), útgefnunum í mars 2012, var liðunum B1 (f-liður) og B10-B12 bætt við. Eining skal beita þessum liðum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr.

39O Liðir B10 og B11 vísa til IFRS-staðals 9. Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanirnar í liði B10 og B11 í IFRS-staðli 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

B1 Eining skal beita eftirfarandi undantekningum:

- a) afskráning fjáreigna og fjárskulda (liðir B2 og B3),
- b) áhættuvarnarreikningsskil (liðir B4-B6) og
- c) hlutir sem ekki eru ráðandi (liður B7),
- d) flokkun og mat fjáreigna (liður B8),
- e) innbyggðar afleiður (liður B9) og
- f) ríkislán (liðir B10-B12).

Á eftir lið B9 er nýrri fyrir sögn og liðum B10–B12 bætt við.

Ríkislán

B10 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, skal flokka öll ríkislán sem fengin eru, sem fjárskuldbindingu eða eiginfjárgerning í samræmi við IAS-staðal 32, *fjármálagerningar: upplýsingar og framsetning*. Að undanskildu því sem er heimilað í lið B11 ber notanda, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn að beita kröfunum í IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar* og IAS-staðli 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð* framvirkt á ríkislán sem voru til á umbreytingadegi í IFRS-staðla og skal ekki færa samsvarandi ávinning af ríkisláni á vöxtum sem eru undir markaðsvöxtum sem opinberan styrk. Af þessum sökum, ef notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn hefur ekki fært og metið ríkislán á vöxtum undir markaðsvöxtum á þeim grunni sem samræmist kröfum alþjóðlegra reikningsskilastaðla, samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt, skal hann nota bókfært verð láns á þeim degi, sem skipt var yfir í IFRS-staðla samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem bókfært verð lánsins í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum. Eining skal beita IFRS-staðli 9 við mat slíkra lána eftir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla.

B11 Þrátt fyrir lið B10 getur eining beitt kröfunum í IFRS-staðli 9 og IAS-staðli 20 framvirkt á sérhvert ríkislán sem varð til fyrir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla, að því tilskildu að upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru þess vegna hafi legið fyrir þegar þau lán voru upphaflega færð.

B12 Kröfurnar og leiðbeiningarnar í liðum B10 og B11 útiloka einingu ekki frá því að geta notað undanþágurnar sem lýst er í liðum D19-D19D varðandi auðkenningu fjármálagerninga á gangvirði sem hafa áður verið færðir í rekstrarreikning.